LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS 1926–2026

MINNISBLAÐ

Reykjavík, 2. október 2026

Viðtakandi: Dóra Björk Gunnarsdóttir, Hafnarstjóri Vestmannaeyjahafnar
Sendandi: Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands

Efni: *Mikilvægi endurnýjunar dráttarbáts í Vestmannaeyjum*

Í ljósi stóraukinnar skipaumferðar umhverfis Vestmannaeyjar á undanförnum árum og aukinna umsvifa í Vestmannaeyjahöfn telur Landhelgisgæsla Íslands nauðsynlegt að dráttarbátur Vestmannaeyjahafnar verði endurnýjaður.

Öflugur og vel búinn dráttarbátur í Vestmannaeyjum er afar mikilvægur þáttur í viðbúnaði vegna sjóslysa og annarra óhappa við suðurströnd landsins. Fyrirhuguð endurnýjun hefur því mikla þýðingu fyrir öryggi sjófarenda, viðbragðsgetu og vernd haf- og strandsvæða.

Dráttarbátur af þeirri stærð og með þá getu sem fyrirhuguð er mun nýtast sem fyrsta viðbragð á hafsvæðinu umhverfis Vestmannaeyjar og við suðurströndina, ásamt björgunarskipi Björgunarfélags Vestmannaeyja, sér í lagi þegar varðskip eru fjarri eða hafa ekki enn komist á vettvang. Þetta á meðal annars við þegar vélarvana skip rekur að landi, við neyðardrátt, þegar eldur kviknar um borð í skipi, við aðstoð við leit og björgun og við fyrstu viðbrögð vegna mengunaróhappa. Við slíkar aðstæður getur skjót aðstoð ráðið úrslitum um björgun mannslífa og komið í veg fyrir verulegt eigna- og umhverfistjón.

Slíkur bátur yrði hluti af viðbragði Landhelgisgæslunnar vegna óhappa, slysa og hættuástands á svæðinu. Með honum væri unnt að bregðast fyrr við og veita mikilvæga aðstoð þar til varðskip eða aðrar björgunareiningar kæmu á vettvang.

Þá telur Landhelgisgæslan að í ljósi vaxandi umferðar herskipa bandalagsríkja NATO í Norður-Atlantshafi geti dráttarbátur af þessari stærð og getu verið nauðsynlegur við komu slíkra skipa til Vestmannaeyja og mögulega í höfnum á Faxaflóasvæðinu eða annarstaðar á landinu. Aðgengi að öflugum dráttarbáti getur verið forsenda þess að unnt sé að aðstoða þau við komu og brottför og tryggja öryggi þeirra og hafnarmannvirkja.

Fyrirhuguð uppbygging í Vestmannaeyjum og horfur á aukinni umferð skemmtiferða- og flutningaskipa auka enn frekar þörfina fyrir endurnýjun dráttarbátsins. Geta hans þarf að taka mið af stærð þeirra skipa sem sækja höfnina og þeim verkefnum sem geta komið upp á hafsvæðinu umhverfis eyjarnar.

Að mati Landhelgisgæslunnar er fyrirhugaður dráttarbátur vel búinn til að sinna þessum verkefnum og mun efla öryggi á hafsvæðinu umhverfis Vestmannaeyjar til muna.